

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 17. júlí 2018.

Mál nr. 419/2018:

Valitor hf.

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

gegn

Datacell ehf. og

Sunshine Press Productions ehf.

(Sveinn Andri Sveinsson lögmaður)

Lykilord

Kærumál. Dómkvaðning matsmanns.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu V um dómkvaðningu matsmanns í máli D og S á hendur honum.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Jóhannes Sigurðsson og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 9. maí 2018 en kærumálsgögn bárust réttinum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 2018 í málinu nr. E-234/2015, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanna. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 2 Sóknaraðili krefst þess að umbeðin dómkvaðning fari fram. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.
- 3 Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málsatvik

- 4 Varnaraðilar höfðuðu mál þetta á hendur sóknaraðila til heimtu skaðabóta vegna ólögmætrar riftunar á samningi varnaraðilans Datacell ehf. og sóknaraðila 15. júní 2011 um svonefnda greiðslugátt til handa varnaraðilanum, en tilgangur hennar var að taka á móti framlögum frá einstaklingum og lögaðilum, hvar sem vera skyldi, til styrktar WikiLeaks. Varnaraðilar beiddust dómkvaðningar matsmanna til þess að fá ætlað tjón hvors þeirra um sig metið. Sagði í matsbeiðni að meta skyldi fjártjón varnaraðila vegna lokunar á greiðslugátt Datacell ehf. hjá sóknaraðila „til söfnunar fjárfamlaga til WikiLeaks í þá 617 daga sem liðu frá því að henni var lokað þann 8.

júlí 2011 þar til hún opnaði að nýju þann 9. maí 2013“. Matsgerð var lokið 4. mars 2016.

- 5 Sóknaraðili óskaði yfirmats 17. nóvember 2016 og tók fram í beiðni um það að hann teldi matsgerð þá er fyrir lægi ranga auk þess sem annmarkar hefðu verið á framkvæmd matsins. Tilgangur með yfirmatsgerð væri að fá hnekkt niðurstöðu þeirrar matsgerðar sem fyrir lægi um ætlað tjón varnaraðilanna. Tók matsbeiðnin nánar tiltekið til þess að metið yrði fjártjón sem varnaraðilar teldu sig hafa orðið fyrir vegna lokunar sóknaraðila á greiðslugátt varnaraðilans Datacell ehf. hjá félaginu á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013. Í þinghaldi 30. mars 2017 upplýsti sóknaraðili að yfirmatsmenn hefðu lokið yfirmatsgerðinni en hann hefur, þrátt fyrir kröfu varnaraðila, ekki lagt hana fram í málinu.
- 6 Í þinghaldi 5. apríl 2017 lagði sóknaraðili á hinn bóginn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna en þar leitar hann mats á atriðum sem tilgreind eru í níu tölusettum spurningum. Spurningarnar eru teknar upp orðrétt í úrskurði héraðsdóms. Varnaraðilar andmæltu því að dómkvaðning færí fram. Reistu þeir mótmæli sín á því að spurningum í matsbeiðninni hefði mörgum verið svarað af hálfu yfirmatsmanna en aðrar væru þýðingarlausar til sönnunar í málinu. Með hinum kærða úrskurði var beiðninni hafnað. Áður en til þess kom höfðu yfirmatsmenn verið kvaddir fyrir dóm sem vitni til þess að gefa skýrslu um til hvaða atriða þeir hefðu tekið afstöðu í yfirmatsgerðinni.
- 7 Niðurstaða héraðsdóms samkvæmt hinum kærða úrskurði er meðal annars reist á því að matsbeiðni sóknaraðila taki til atriða sem þegar hafi verið lagt mat á með yfirmatsgerð. Er þetta einkum talið eiga við um mat á ætluðu fjártjóni varnaraðila. Af hálfu sóknaraðila hefur á hinn bóginn verið byggt á því að matsatriði samkvæmt beiðninni séu ekki þau sömu og þegar hafi verið tekin til mats og að með nýri matsgerð sé í öllu falli ætlunin að afla ítarlegri upplýsinga en yfirmatsgerðin taki til. Þannig lúti spurningar nr. 1-5 að hagnaðarmissi varnaraðila við það að greiðslugátt hafi verið lokað en því hafi ekki verið svarað í fyrirliggjandi matsgerðum þar sem forsenda fyrir fjártjónsmati hafi verið missir fjárfamlaga í gegnum greiðslugáttina. Tjón í skaðabótaráttarlegum skilningi og að teknu tilliti til ágreiningsefna málsins beri að skilja sem hagnaðarmissi og mat á honum liggi ekki fyrir. Varnaraðilar mótmæla þessu og byggja meðal annars á því að með vísan til vitnisburðar yfirmatsmanna sé ljóst að flestum matssurningum í nýri matsbeiðni sóknaraðila sé svarað í yfirmatsgerð.

Niðurstaða

- 8 Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 eiga aðilar einkamáls rétt á að afla þeirra sönnunargagna sem þeir telja málstað sínum til framdráttar. Er að meginreglu hvorki á valdi gagnaðila né dómkstóla að takmarka þennan rétt umfram það sem leiðir af 3. mgr. sömu lagagreinar en samkvæmt því ákvæði getur dómarí synjað um sönnunarfærslu ef hann telur hana bersýnilega þarflausa. Til samræmis við þetta hefur

málsaðilum verið játaður viðtækur réttur til að afla matsgerðar undir rekstri máls til að færa sönnur á staðhæfingar sínar, enda bera þeir áhættu af sönnunargildi matsgerðar og standa straum af kostnaði við öflun hennar.

- 9 Um frekari skorður sem þessum rétti hafa verið settar í lögum ber að nefna að hafi aðili aflað bæði matsgerðar og yfirmatsgerðar getur hann ekki, samkvæmt gagnályktun frá 64. gr. laga nr. 91/1991, leitað nýrrar matsgerðar til sönnunar um sömu atriði.
- 10 Í greinargerð sóknaraðila til Landsréttar er um forsendur fyrir matssprungum hans einkum vísað til þess að fyrir liggi samkvæmt tölvubréfi sem lögmaður varnaraðila ritaði yfirmatsmönnum 13. febrúar 2017 að varnaraðilinn Sunshine Press Productions ehf. hafi aldrei haft neinar tekjur og að tilgangur félagsins hafi eingöngu verið „að ferla frjáls framlög til WikiLeaks verkefnisins“. Varnaraðilinn hafi samkvæmt þessu verið gegnumstreymisfélag eða milliliður og því aldrei orðið fyrir hagnaðarmissi. Þar af leiðandi geti ekki verið um tjón að ræða í tilviki hans.
- 11 Miðað við þennan grundvöll matsbeiðni verður ekki séð að þörf sé á matsgerð til að renna stoðum undir hann heldur ráðist niðurstaða um þetta af sönnunarfærslu með tilliti til gagna sem þegar liggja fyrir í málínu eða eru aðgengileg aðilum, svo sem ársreikninga varnaraðila árin 2009 til 2015, og mati sem á undir dómara samkvæmt 1. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 60. gr. laga nr. 91/1991.
- 12 Samkvæmt þeim matsbeiðnum sem liggja undir- og yfirmatsgerð til grundvallar skyldi lagt mat á fjártjón varnaraðila vegna ólögmætrar riftunar á samningi varnaraðilans Datacell ehf. og sóknaraðila sem gerður var 15. júní 2011. Þar sem yfirmatsgerðar var aflað að beiðni sóknaraðila er það á forræði hans hvort hún verði lögð fram í málínu. Með þeirri afstöðu sóknaraðila að það verði ekki gert er girt fyrir þann möguleika að dómstólar geti, út frá matsgerðinni sjálfri, lagt mat á það hvort og þá að hvaða marki ný matsbeiðni sóknaraðila lúti að matsatriðum sem undir- og yfirmatsgerð taki ekki til.
- 13 Með dómi Hæstaréttar 28. ágúst 2017 í máli nr. 365/2017 var með vísan til 1. mgr. 65. gr. laga nr. 91/1991 fallist á þá kröfu varnaraðila að yfirmatsmenn gæfu skýrslu fyrir dómi í því skyni að fá úr því skorið hvort þeir hefðu lagt mat á tiltekin atriði. Gáfu tveir þeirra, Gylfi Zoëga prófessor og Sigurður Ingólfsson hagfræðingur, skýrslu fyrir héraðsdómi 14. mars 2018. Í vitnisburði sínum kváðust þeir hafa metið fjártjón sem varnaraðilar teldu sig hafa orðið fyrir vegna lokunar sóknaraðila á greiðslugátt varnaraðilans Datacell ehf. hjá féluginu á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013. Hefði fjártjónið verið metið með tilliti til kostnaðar varnaraðilanna af öflun fjárfamlaga. Meðal gagna sem þeir studdust við hefðu verið ársreikningar varnaraðilanna fyrir árin 2009 til 2015. Þá var sérstaklega borin undir yfirmatsmenn athugasemd í yfirmatsbeiðni þess efnis að ársreikningar varnaraðilans Sunshine Press Productions ehf. bæru hvorki með sér að félagið hefði tekið við fjármunum fyrir WikiLeaks né

greitt varnaraðilanum Datacell ehf. fyrir aðgang að greiðslugátt. Svöruðu þeir því til að þetta hefði komið til skoðunar af þeirra hálfu. Þeir hefðu einnig vegið og metið atriði sem sóknaraðili teldi gagnrýniverð í matsgerð undirmatsmanna. Loks er þess að geta að í vitnisburði sínum lét Sigurður þess getið að í yfirmatsgerð kæmi fram fyrirvari sem tæki til þess að ekki hefði verið tekin afstaða til atriða sem lagabekkingu þurfi til að leggja mat á.

- 14 Að því virtu sem að framan er rakið hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að heimildir standi til þess samkvæmt lögum nr. 91/1991 að fallast megi á kröfu hans um dómkvaðningu matsmanna að því er tekur til spurninga 1 til 5 í matsbeiðni.
- 15 Í 6. spurningu er óskað mats um það hvaða fjároflunarleiðir stóðu samtökum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni til boða til að safna fé á alþjóðavettvangi á tímabilinu 8. júlí 2011 til 9. maí 2013. Þá er í 8. spurningu óskað mats um sama atriði að því er tekur til þeirra aðila sem geta talist hafa verið rekstraraðilar WikiLeaks á árunum 2011 til 2016, en 7. spurning snýr alfarið að því hverjir þeir mögulega voru. Í málinu er ekki um það deilt að fjölmargar leiðir stóðu framangreindum aðilum opnar til fjároflunar í því skyni sem um ræðir. Samkvæmt 3. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 þarf ekki að sanna það sem er alkunnugt á þeim stað og tíma sem dómur eða úrskurður gengur. Í þessu felst að engin þörf er á að sanna þær staðhæfingar um atvik sem óumdeildar eru. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 46. gr. laganna verður spurningum 6 og 8 hafnað.
- 16 Í spurningu 9 er óskað mats „á því hvaða fjármagnsflutningar áttu sér stað til og frá“ tilgreindum bankareikningum. Er þar vísað til bankareiknings varnaraðilans Sunshine Press Productions ehf. hjá Landsbankanum og reiknings annars lögaðila hjá Commerzbank Kassel í Þýskalandi. Í reynd snýr þessi matsspurning að öflun gagna. Verður í öllu falli að líta svo á að nærtækast sé að sóknaraðili nýti önnur úrræði sem honum eru tæk samkvæmt 2. þætti laga nr. 91/1991 til sönnunar um þau atriði sem að framan greinir. Þá þykja sömu sjónarmið eiga við um matsspurningu 7 sem áður er vikið að. Er spurningum 7 og 9 því hafnað.
- 17 Samkvæmt öllu framansögðu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.
- 18 Eftir framangreindum málsúrlitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðilum kærumálskostnað eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Valitor hf., greiði varnaraðilum, Datacell ehf. og Sunshine Press Productions ehf., hvorum fyrir sig, 300.000 krónur í kærumálskostnað.

Rétt endurrit staðfestir

17.7.2018

Gjald: 1.000 kr.

